



Ársskýrsla 2010

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins



HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÁLFABAKKA 16, 109 REYKJAVÍK

MAÍ 2010

ÞESSI ÁRSSKÝRSLA ER ÚTGEFIN Á VEF HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
[WWW. HEILSUGAESLAN.IS](http://WWW.HEILSUGAESLAN.IS)

RITSTJÓRI: ELÍN EIRÍKSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR, NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM: SUNNA WÍUM

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	2
Ávarp forstjóra.....	3
Stjórnskipulag Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.....	5
Skipurit.....	6
Rekstrarreikningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 2010.....	8
Heildaryfirlit yfir skráð samskipti Heilsugæslustöðva.....	10
Ársverk og Mannauður	11
Stjórnsýsla	13
Þróunarstofa heilsugæslunnar	16
Þroska – og hegðunarstöð.....	21
Göngudeild sóttvarna	25
Geðheilsa – eftirfylgd/iðjupjálfun.....	26
Heilsugæslustöðvar	28
Heilsugæslan Árbæ	31
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	33
Heilsugæslan Efstaleiti	35
Heilsugæslan Fjörður	37
Heilsugæslan Garðabæ	39
Heilsugæslan Glæsibæ	41
Heilsugæslan Grafarvogi	43
Heilsugæslan Hamraborg.....	45
Heilsugæslan Hlíðum	47
Heilsugæslan Hvammi.....	49
Heilsugæslan Miðbæ	51
Heilsugæslan Mjódd	53
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	55
Heilsugæslan Seltjarnarnesi.....	57
Heilsugæslan Sólvangi.....	59
Annað	61
Heilsuvernd skólabarna	61

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins gegnir mikilvægu samfélagshlutverki. Það er hlutverk hennar að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustu sem grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Þessu hlutverki sínu hefur Heilsugæslan sinnt af kostgæfni þrátt fyrir ýmsa ágjöf og fjárhagslegar þrengingar á síðustu árum.

Viðsnúningur varð í fjármálum stofnunarinnar á árinu 2010, er þeim áfanga varð náð að viðvarandi hallarekstri var snúið í rekstur með afgangi. Hin jákvæða breyting er tilkomin vegna þeirra fjölþættu og mörgu hagræðingaraðgerða sem ráðist hefur verið í allt frá miðju ári 2008. Starfsfólk heilsugæslunnar á mikinn heiður skilinn fyrir frammistöðu sína á árinu og er góðri rekstrarafkomu því fyrst og síðast að þakka. Góð rekstrarafkoma ársins 2010 léttir verulega róðurinn hvað það varðar að takast á við boðaðan niðurskurð ársins 2011 og gefur um leið fyrirheit um bjartari tíma.

Heildarverkafjöldi heilsugæslustöðva var óvenju hár árið 2009, en það skýrist að stórum hluta af tímabundnu átaki við að bólusetja gegn svínaflensu. Heildarverkafjöldi árið 2010 var samt, þrátt fyrir niðurskurðaraðgerðir, og eftir að verkin hafa verið vegin saman eftir kostnaði, um 1% hærri en árið 2008. Það verður að teljast frábær árangur í ljósi þess mikla niðurskurðar sem verið hefur í gangi allt frá miðju ári 2008, en sá niðurskurður hefur m.a. falið í sér fækkun starfa og mikla fækkun yfirvinnutíma.

Um mitt árið var undirritað samkomlag milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisráðuneytisins um að treysta stjórnun stofnunarinnar þannig að rekstur hennar verði innan fjárheimilda. Samkomulagið fól m.a. í sér fjármögnun á uppsöfnuðum halla Heilsugæslunnar og gerði henni kleift að gera upp gjaldfallnar viðskiptaskuldir. Háar og íþyngjandi dráttavaxtagreiðslur eru nú vonandi liðin tíð. Fyrir Heilsugæsluna er hvort tveggja óviðunandi, að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og að þurfa að verja hárri fjárhæð ár hvert í dráttarvexti, fjárhæð sem um leið nýtist ekki til sinna því hlutverki sem Heilsugæslunni er ætlað.



Starfsemin var í föstum skorðum á árinu þrátt fyrir að áfram væru gerðar töluverðar hagræðingarkröfur til stofnunarinnar. Með stuðningi frá ráðuneytum fjármála og heilbrigðismála var á vormánuðum efnt til hugmyndavinnu með starfsfólki fjögurra heilsugæslustöðva til að finna nýjar leiðir til að hagræða í rekstri stofnunarinnar. Starfsmenn funduðu með ráðgjöfum Capacent og söfnuðu saman verkefnum sem þau mæltu með að yrðu skoðuð. Alls komu fram um 300 hugmyndir að sparnaði, en sameiginleg vinnustofa fólks úr þessum hópum valdi á endanum 39 verkefni til frekari skoðunar. Verkefnin eru af margvíslegum toga og krefjast sum þeirra samstarfs við aðrar stofnanir. Mörgum þessara verkefna hefur þegar verið hrint í framkvæmd, en að framkvæmd annara er unnið eftir því sem hægt er.

Á árinu lögðust sérstakir vinnuhópar yfir vinnuferla og verkaskiptingu og stjórnskipulag stofnunarinnar. Hugmyndir komu fram á árinu um endurskipulagningu og eflingu heilsugæslunnar, meðal annars af hálfu ráðherraskipaðar nefndar, sem í áttu sæti fagfólk frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þá kallaði heilbrigðisráðherra eftir tillögum frá framkvæmdastjórn um fækkun og stækkun heilsugæslustöðva. Að baki beiðni ráðherra lá sú hugmynd að stöðvarnar yrðu öflugri rekstrar- og þjónustueiningar sem gætu veitt íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölbreyttari þjónustu.

Í tillögugerð sinni hafði framkvæmdastjórnin það að leiðarljósi að sameining stöðva leiddi ekki af sér fækkun starfa fagfóks, heldur kæmi hagræðingin fram í rekstri húsnæðis og ýmissi stoðþjónustu. Vinna þessi og tillögugerð olli miklu umróti og var andstaðan við tillögurnar mikil. Andstaðan er skiljanleg þar sem tímamörk ráðherra um skil tillagnanna gáfu ekki svigrúm til nauðsynlegs samráðs og samvinnu. Tillögurnar voru því teknar af borðinu þegar fyrir lá að sparnaðarkrafa árisins 2011 héldist óbreytt eða sú sama og birt var í fjárlagafrumvarpi þess árs.

Í ársbyrjun tóku Fasteignir ríkissjóðs við umsjón þess húsnæðis Heilsugæslunnar sem er í eigu ríkisins. Hlutverk Fasteigna ríkissjóðs er að sjá um viðhald og endurbætur svo húsnæðið nýtist sem best til þeirrar starfsemi sem því er ætlað og veiti starfsfólki og skjólstæðingum Heilsugæslunnar þá umgjörð og aðstæður sem við getum verið stolt af. Fyrsta samstarfsár Heilsugæslunnar og Fasteigna ríkissjóðs var farsælt og náðist að koma í framkvæmd ýmsum brýnum viðhalds- og endurbótaverkefnum sem lengi hefur þurft að slá á frest. Þetta eru gleðileg tímamót og vonandi til marks um að dráttur á eðlilegu viðhaldi og endurbótum heyri sögunni til.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er í stjórnsýslulegum skilningi ung stofnun. Hún á sér þó djúpar rætur, en hún varð til með sameiningu margra heilsugæslustöðva og miðlægra þjónustueininga sem margar hverjar eiga langt og gifturíkt starf að baki. Ein þessarar heilsugæslustöðva er Heilsugæslan Hamraborg, áður Heilsugæsla Kópavogs, sem á árinu fagnaði 30 ára farsælu starfi í þágu Kópavogsbúa.

Innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fer fram umfangsmikil og fjölbreytt starfsemi og sinnir starfsfólkið þjónustunni af mikilli fagmennsku, oft við erfiðar aðstæður, mikið álag og óvissu. Stjórnendum og starfsfólki öllu eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu.

Fræðsla og ráðgjöf fyrir almenning skipar veigamikinn sess í starfi stofnunarinnar og hún tekur virkan þátt í starfsþjálfun og kennslu heilbrigðisstétta. Innan Þróunarstofu heilsugæslunnar er unnið að mótun rannsóknarstefnu, þar sem lögð er áhersla á að efla rannsóknir og þróunarverkefni og á aukna þátttöku starfsfólks í vísindastarfi.

Nú á tímum efnahagsþrenginga er Heilsugæslunni, sem og öðrum mikilvægum stofnunum samfélagsins, ætlað að laga sig að þrengri fjárhag og það án þess að slegið sé af kröfum um aðgengi, öryggi og gæði þjónustunnar. Á tímum sem þessum er ekki einungis spurning um vilja til að þrúka af erfiða tíma, heldur viljann til að halda áfram að efla og þróa góða starfsemi. Öflugar hugmyndir, vilji og kjarkur til að fara nýjar leiðir eru forsenda allra framfara. Þetta er mikilvægt að hafa í huga á þessum umbrotatímum.

Í þessari ársskýrslu er starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á árinu 2010 gerð skil í megin dráttum. Það er von mín að við lestur skýrslunnar verði menn nokkru nær um þau fjölbreyttu og mikilvægu verkefni sem stofnunin sinnir.

Svanhvít Jakobsdóttir forstjóri

FRAMKVÆMDASTJÓRN HEILSUGÆSLUNNAR

- Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri
- Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
- Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar
- Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri
- Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri

SKIPULAG


Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) tilheyra neðangreindar 4 einingar og 15 heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Álfabakka 16.

- Þróunarstofa heilsugæslunnar
- Þroska- og hegðunarstöð
- Göngudeild sóttvarna
- Geðheilsa – eftirfylgd/iðjubjálfun

- Heilsugæslan Árbæ
- Heilsugæslan Efra-Breiðholti
- Heilsugæslan Efstaleiti
- Heilsugæslan Fjörður
- Heilsugæslan Garðabæ
- Heilsugæslan Glæsibæ
- Heilsugæslan Grafarvogi
- Heilsugæslan Hamraborg
- Heilsugæslan Hlíðum
- Heilsugæslan Hvammur
- Heilsugæslan Miðbæ
- Heilsugæslan Mjódd
- Heilsugæsla Mosfellsumdæmis
- Heilsugæslan Seltjarnarnesi
- Heilsugæslan Sólvangi

Myndirnar sýna ung-og smábarnavernd í Heilsugæslunni Hamraborg.





HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR Í REYKJAVÍK OG KÓPAVOGI SEM ERU EKKI REKNAR AF HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS.

Heilsugæslan Lágmúla og Heilsugæslan Salahverfi eru einkareknar. Þessvegna eru hér ekki upplýsingar um ársverk, skráð samskipti og rekstur þessara heilsugæslustöðva. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við notkun talna úr þessarri skýrslu.

Undantekningin er að í kaflanum Heilsuvernd skólabarna eru tölur yfir allt höfuðborgarsvæðið, líka skólana sem þessar stöðvar sinna.

Þjónustusvæði Heilsugæslunnar Lágmúla er Laugarnes- og Múlahverfi og stöðin sinnir Laugarnesskóla, Laugalækjaskóla og Álftamýrarskóla. Þjónustusvæði Heilsugæslunnar Salahverfi er Sala-, Lindahverfi og Vatnsendasvæði og stöðin sinnir Lindaskóla, Salaskóla og Waldorfsskólanum í Lækjarbotnum.

UM TÖLUR Í SKÝRSLUNNI

Tölur um samskipti í þessarri skýrslu eru teknar út sjúkraskrárkerfinu SÖGU nema að annað sé tekið fram. Stöðugt er unnið að bættum gæðum skráninga í Sögu en hún er ekki gallalaus. Munur á heildarsamskiptum eftir starfsstéttum og verkefnum er óútskýrður. Oftast er það vegna þess að ef fleiri en einn starfsmaður kemur að samskiptum, teljast samskiptin hjá þeim öllum og heildartölur verða þá hærri eftir starfsstéttum en verkefnum.

Rekstrarreikningur er birtur hér eins og hann kemur frá Ríkisendurskoðun.



Starfsmenn heimahjúkrunar í Kópavogi

REKSTRARREIKNINGUR HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2010

Tekjur	2010	2009
Seld þjónusta	421.211.728	472.065.228
Tekjur af fræðslustarfsemi	8.120.935	7.060.403
Leigu- og afnotatekjur	18.120.859	20.869.057
Tekjur af samrekstri	51.863.783	55.804.588
Veitingasala.....	7.462.502	7.075.415
Aðrar tekjur.....	<u>16.991.150</u>	<u>16.931.324</u>
Tekjur alls	<u>524.215.957</u>	<u>579.806.015</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	3.250.147.644	3.342.379.840
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	81.785.434	98.824.253
Funda- og ferðakostnaður	74.344.245	94.235.674
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	354.801.811	469.956.432
Húsnæðiskostnaður	473.952.112	417.026.684
Rekstur tækja og áhalda	38.431.840	102.608.442
Bifreiðarekstur	36.686.575	36.854.832
Annar rekstrarkostnaður	57.061.952	57.946.687
Lyf, lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarstofuefni..	92.866.262	94.403.199
Tilfærslur.....	1.902.540	0
Birgðabreytingar	<u>1.188.373</u>	<u>4.294.941</u>
	4.463.168.788	4.718.530.975
Eignakaup	<u>46.527.155</u>	<u>15.873.186</u>
	4.509.695.943	4.734.404.161
Gjöld umfram tekjur fyrir hreinar fjármunatekjur	(3.985.479.986)	(4.154.598.146)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>(37.612.824)</u>	<u>(70.760.905)</u>
Gjöld umfram tekjur fyrir ríkisframlag	(4.023.092.810)	(4.225.359.051)
Ríkisframlag	<u>4.141.100.000</u>	<u>4.059.900.000</u>
Tekjuhalli ársins	<u>118.007.190</u>	<u>(165.459.051)</u>

REKSTRARREIKNINGUR HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2010
SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM Í ÞÚS. KR.

Stjórnsýsla og fleira	2010	2009
Stjórnsýsla.....	406.763	415.053
Upplýsingasvið.....	144.065	142.892
Samningsbundin heilbrigðisþjónusta.....	3.244	20.674
HUH-Læknar	0	837
Iðjuþjálfun.....	28.278	29.594
Lyfjamál.....	0	2.333
Samtals	582.350	611.382
Miðlæg þjónusta		
Göngudeild sóttvarna	24.001	30.941
Miðstöð Tannverndar	12.997	13.634
Miðstöð heilsuverndar barna	0	54.393
Miðstöð mæðraverndar	12	13.610
Miðstöð heimahjúkrunar.....	(8.325)	1.887
Þróunarstofa heilsugæslunnar.....	113.140	87.018
Þroska- og hegðunarstöð.....	101.566	70.078
Samtals	243.392	271.561
Heilsugæslustöðvar		
Heilsugæslan Árbæ	251.161	262.733
Heilsugæslan Grafarvogi.....	306.805	337.803
Heilsugæslan Efra Breiðholti.....	181.912	192.783
Heilsugæslan Mjódd	164.675	179.076
Heilsugæslan Glæsibæ.....	162.055	163.202
Heilsugæslan Efstaleiti.....	155.752	175.102
Heilsugæslan Hlíðum	147.642	154.305
Heilsugæslan Miðbæ	136.680	151.147
Heilsugæslan Seltjarnarnesi.....	194.168	207.721
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi.....	243.115	251.134
Heilsugæslan Hamraborg.....	302.147	297.454
Heilsugæslan Hvammi	158.281	170.262
Heilsugæslan Garðabæ	173.676	166.026
Heilsugæslan Fjörður.....	230.035	234.101
Heilsugæslan Sólvangi	389.247	399.567
Samtals	3.197.351	3.342.416
Alls	4.023.093	4.225.359

HEILDARYFIRLIT YFIR SKRÁÐ SAMSKIPTI HEILSUGÆSLUSTÖÐVA

Nánari sundurgreining samskipta eftir starfsstéttum fyrir árið 2010 er í kafla hvernar starfsstöðvar.

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2010

Samskipti eftir starfsstétt	Viðtal	Símtal	Vitjun	Samskipti alls
Læknar	258.340	262.949	1.398	522.687
Hjúkrunarfr./ljósmæður	137.394	71.512	28.607	237.513
Sjúkraliðar	953	1.007	38.328	40.288
Félagsliðar	0	411	8.549	8.960
Aðrir	6.908	18.098	231	25.237
Alls	403.595	353.977	77.113	834.685

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 50.154

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2009

Samskipti eftir starfsstétt	Viðtal	Símtal	Vitjun	Samskipti alls
Læknar	268.967	257.797	1.426	528.190
Hjúkrunarfr./ljósmæður	169.851	74.163	30.325	274.339
Sjúkraliðar	980	1.652	37.443	40.075
Félagsliðar	0	69	7.461	7.530
Aðrir	9.221	18.567	983	28.771
Alls	449.019	352.248	77.638	878.905

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 51.695

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2008

Samskipti eftir starfsstétt	Viðtal	Símtal	Vitjun	Samskipti alls
Læknar	270.789	279.454	815	551.058
Hjúkrunarfr./ljósmæður	114.882	60.474	28.479	203.835
Sjúkraliðar	2.406	3.190	36.783	42.379
Aðrir	4.835	3.254	1.175	9.264
Alls	392.912	346.372	67.252	806.536

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 54.465

ÁRSVERK OG MANNAUÐUR

ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM


Nánari sundurgreining á ársverkun eftir starfsstöð fyrir árið 2010 er í kafla hvernar starfsstöðvar.

	2010	2009	2008	2007	2006
Félag lífeindafræðinga	2,59	2,82	2,90	2,58	2,60
Félag geislafræðinga	0,00	0,00	0,00	1,00	1,00
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	121,65	129,69	164,73	165,67	160,57
Fræðagarður (Útgarður)	4,40	4,62	3,73	4,13	1,65
Iðjupjálfafélag Íslands	4,25	4,16	5,74	5,39	5,24
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	3,00	3,00	3,29	2,75	3,00
Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands	0,00	0,00	0,50	0,31	0,00
Kjaranefndarlaun	1,00	1,00	1,00	1,00	3,50
Ljósmeðrafélag Íslands	24,16	22,54	18,91	17,75	18,17
Lyfjafræðingafélag Íslands	1,00	1,00	1,00	1,00	0,98
Læknafélag Íslands	124,88	126,58	126,87	128,13	124,67
Samflot sveitarfélaga	11,97	12,12	14,84	20,83	22,35
Sjúkraliðafélag Íslands	27,17	26,95	81,66	78,62	70,43
Starfsgreinasamband Íslands	1,33	9,26	9,86	11,13	15,29
Starfsmannafélag ríkisstofnana	112,09	118,74	129,97	126,57	122,82
Stéttarfélag bókasafns og uppl.fr.	1,00	1,00	0,92	0,92	1,00
Stéttarfélag sjúkrabjálfa	0,30	0,30	1,36	1,90	1,90
Sálfræðingafélag Íslands	14,42	13,76	12,67	8,11	5,66
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	3,50	3,45	3,48	2,50	2,50
Stéttarfélag Hásk.m. á matv.- og nær.sv.	0,00	0,12	0,24	0,16	0,00
Þroskabjálfafélag Ísland	0,25	0,25	0,06	0,00	0,00
Samtals	460,95	481,36	583,73	580,45	563,33

Verkefni Miðstöðvar heimahjúkrunar fluttust til Reykjavíkurborgar 1. janúar 2009. Það er stærsta ástæðan fyrir fækkun ársverka milli 2008 og 2009.

MANNAUÐUR

Hér er yfirlit yfir aldursdreifingu starfsfólks HH. Aldursdreifing er ekki jöfn og ljóst er að mikil endurnýjun mun eiga sér stað á næstu 15 árum. Þó það komi ekki fram í meðfylgjandi töflu er hár meðalaldur áberandi meðal lækna og hjúkrunarfræðinga og mikils brottfalls að vænta meðal þeirra á næstu árum. Nánari upplýsingar um aldursamsetningu er að finna undir hverri starfstöð.



STJÓRNSÝSLA

Stjórnsýslan skiptist í svið fjármála og rekstrar og starfsmannasvið. Innan stjórnsýslunnar starfa einnig lækningaforstjóri og hjúkrunarforstjóri.

Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

STARFSMANNASVIÐ

Framkvæmdastjóri: Grétar Guðmundsson.

Meginhlutverk starfsmannasviðs er að vinna að vönduðum vinnubrögðum í starfsmannamálum innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasvið taka fyrst og fremst mið af starfsmannastefnu HH þar sem leitast er við að gera HH að góðum vinnustað þar sem starfsmenn geta nýtt þekkingu sína og færni. Meðal verkefna starfsmannasviðs er;

- stefnumótun, skipulagning og samhæfing starfsmannamála
- starfsmannaáætlanir
- ráðningar og starfslok
- afgreiðsla launa
- ráðgjöf til starfsmanna sem og stjórnenda
- túlkun kjarasamninga og gerð stofnanasamninga
- samskipti við stéttarfélög
- starfsþróun og fræðsla
- öryggis- og vinnuvernd starfsmanna


SVIÐ FJÁRMÁLA- OG REKSTRAR

Framkvæmdastjóri: Jónas Guðmundsson

Sviðið sér um bókhald, fjársýslu og uppgjör. Meðal annarra verkefna sviðsins eru innkaup á tækjum, búnaði og öðrum rekstrarvörum, útboð verkþátta og meiri háttar innkaupa, auglýsinga- og markaðsmál, umsjón og rekstur fasteigna, póst- og boðsendingar stofnana. Ennfremur heyrar mötuneyti, bókasafn og vefmál HH undir sviðið.

Innan Sviðs fjármála og rekstrar eru eftirfarandi einingar:

- Deild rafrænnar þjónustu
- Bókhaldsdeild
- Fjárreiðudeild
- Eigna- og innkaupadeild
- Mötuneyti
- Bókasafn



Deild rafrænnar þjónustu sér um rekstur, viðhald, þróun og innleiðingu á hug- og vélbúnaði, net- og fjárskiptakerfum auk gagnagrunna HH ásamt afritatöku. Deildin fer með umsjón sjúkraskráa HH (s.s. Sögu og Ískrár), nýtingu og þróun heilbrigðisupplýsingakerfa í samstarfi við aðra ábyrgðaraðila. Hún hefur yfirumsjón með innleiðingu upplýsingakerfa, rafrænum samskiptum og samræmingu á skráningu heilbrigðisgagna. Deildin sér um alla notendabjónustu við starfsmenn varðandi upplýsingatæknimál. Deildin hefur umsjón með tilrauna- og þróunarverkefnum á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni og sér um þróun rafrænnar þjónustu við starfsmenn HH.

SKRIFSTOFA LÆKNINGAFORSTJÓRA

Lækningaforstjóri: Lúðvík Ólafsson

Lækningaforstjóri er faglegur yfirmaður lækna og annarra starfsmanna á sviði lækninga. Hann hefur eftirlit með gæðamálum á sínu sviði og er umsjónarmaður sjúkraskrárkerfa HH.

Lækningaforstjóri er sóttvarnarlæknir höfuðborgarsvæðisins og hefur einnig yfirumsjón með Héraðsvakt heilsugæslunnar, sem sinnir útköllum vegna mannskaðarannsókna og annarra lögreglumála.

Á skrifstofu lækningaforstjóra eru veittar upplýsingar og leiðbeiningar til notenda HH, jafnframt móttöku kvartana og kæra. Skrifstofan sér um skipulag og afgreiðslu Héraðsvaktar heilsugæslunnar og einnig útgáfu sóttvarna- og dánarvottorða. Skrifstofan hefur umsjón með að afrit af rafrænum sjúkraskráum séu í öruggri vörslu samkvæmt lögum. Móttaka og varsla sjúkraskráa fyrir hönd landlæknis eru meðal annarra verkefna skrifstofunnar.

Undir lækningaforstjóra heyra einnig iðjubjálfi, læknisþjónusta á tveimur hjúkrunarheimilum auk tímabundinna verkefna.

SKRIFSTOFA HJÚKRUNARFORSTJÓRA



Hjúkrunarforstjóri: Þórunn Ólafsdóttir

Hjúkrunarforstjóri er faglegur yfirmaður hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna á sviði hjúkrunar.


Meðal verkefna hjúkrunarforstjóra er eftirlit með mönnun, gæðamálum og uppbyggingu á sviði hjúkrunar.

ÁRSVERK Í STJÓRNSÝSLU OG VERKEFNUM 2010

	Ársverk
Stjórnsýsla	
Skrifstofa forstjóra	2,15
Starfsmannasvið	4,34
Svið fjármála og rekstrar*	22,44
Skrifstofa lækningarforstjóra	4,53
Hjúkrunarforstjóri	1,00
Verkefni	
Námsstöður lækna	7,28
Tannheilsa skólabarna	3,57
Vistunarmat	1,86
Hvert	1,60
Ársverk alls	48,78

*Innan Sviðs fjármála og rekstrar eru 6 einingar, sjá upplýsingar um sviðið.

MANNAUÐUR 2010



UM STOFUNA

Forstöðumaður: Jóhann Ágúst Sigurðsson

Heimilisfang: Pönglabakka 1, 109 Reykjavík

Þróunarstofa hóf störf eftir skipulagsbreytingar 1. apríl 2009 en var formlega opnuð við hátíðlega athöfn 12. febrúar 2010. Meginviðfangsefni stofunnar eru á sviði fræðslu og kennslu, vísinda, forvarna, gæða- og lyfjamála. Þróunarstofa styður þannig við akademískt hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) sem háskólaheilsugæslu.

Margir starfsmenn Þróunarstofu eru jafnframt í klínískri vinnu á heilsugæslustöðvum. Komið var á fót tveimur tengdum stöðum Hjúkrunardeildar Háskóla Íslands og Þróunarstofu og stefnt er að þeirri þriðju. Marklýsingin „Áherslur í starfi Þróunarstofu 2010-2011“ var samin á árinu en hún verður endurskoðuð árlega.

FRÆÐSLA OG KENNSLA

Sem fyrr hefur fræðsla fyrir almenning skipað veigamikinn sess í starfi innan HH. Brjóstgagjafanámskeið eru haldin einu sinni til tvisvar í mánuði allt árið um kring. Auk þessu eru regluleg námskeið fyrir verðandi foreldra, feðrafræðsla, tvíburanámskeið og einnig er boðið upp á fræðslu hjá sjúkrabjálfa fyrir verðandi mæður og stuðning við reykleysi. Foreldranámskeið á pólsku og ensku eru haldin á 3ja mánaða fresti.

Á vef HH er hægt að nálgast fjölbreytt fræðsluefni, til dæmis um meðgöngu og fæðingu, brjóstgöf, þroska barna, slysavarnir, og tannvernd. HH tekur þátt í samstarfi um forvarna- og fræðslusíðuna 6H (www.6H.is), þar sem boðið er upp á efni fyrir börn, unglinga, foreldra og fagfólk. Starfsfólk Þróunarstofu hefur einnig tekið þátt í almennri umræðu og fræðslu um heilbrigðismál í fjölmiðum.

Þróunarstofa tekur þátt í símenntun í samvinnu við starfsmannasvið. Fræðadagar heilsugæslunnar voru haldnir í annað sinn 18.-19 nóvember. Fræðadagarnir eru að festa sig í sessi sem sameiginlegur vettvangur símenntunar allra starfsmanna. Skráðir þátttakendur voru 370, þar af 108 utan HH.

Starfsfólk Þróunarstofu tók auk þess þátt í að móta og hafði umsjón með fjölmörgum námskeiðum fyrir heilbrigðisstéttir, þar má nefna endurlífgunarnámskeið, námskeið um vísindalega aðferðafræði (Sólvangsdagar), áhugahvetjandi samtal (styrkt var af Forvarnarsjóði), mæðravernd, fræðsludag ljósmæðra, námskeið fyrir nýja skólahjúkrunarfræðinga, verklag við Ískrána (Ískrárdagar) og vinnusmiðjur um þroskaskimunartækin BRIGANCE og PEDS. Einnig voru kynningarfundir um þroskamatstæki fyrir leikskólakennara á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu var lögð sérstök áhersla á þróunarverkefnið „Tengslamyndun og geðheilsuvernd í mæðra-, ung- og smábarnavernd (sjá nánar síðar) og haldin tvö málþing um þá gagnreyndu þekkingu sem liggur að baki nýjum vinnuleiðbeiningum í ung- og smábarnavernd.

Málþingið „The problems with screening: A clinical and ethical challenge,“ sem haldið var á Læknadögum í lok janúar 2010, vakti nokkuð umtal. Forstöðumaður Þróunarstofu flutti hluta þeirra erinda (Vandamálin við skimanir) á öllum heilsugæslustöðvum sem óskuðu eftir frekari fræðslu og umræðu um málið, alls 10 stöðvar.

Sú nýbreytni var tekin upp innan mæðraverndar að senda heimilislæknum og ljósmæðrum svonefnda „Föstudagsmola“ með stuttum samantektum á ákveðnum klíniskum vandamálum eða viðfangsefnum í mæðraverndinni. „Molarnir“ geta verið ígildi vinnuleiðbeininga.

Heilsugæslan tekur virkan þátt í starfsþjálfun og annarri kennslu heilbrigðisstétta skv. ákvæðum í reglugerðum. Samstarfssamningur er á milli HH og Háskóla Íslands um þessi mál. Prófessorinn í heimilislækningum hefur fasta starfsaðstöðu á Þróunarstofu og akademískir kennarar í hjúkrunarfræði Háskóla Íslands eru í tengdum stöðum við HH með starfsaðstöðu á Þróunarstofu. Kennslustjóri framhaldsnáms í heimilislækningum starfar jafnframt með Þróunarstofu.

Á hverju ári eru um 50 læknanemar á 2. ári í klínísku námi í samskiptafræðum úti á heilsugæslustöðvum á vormisseri, alls 2 daga. Á haustmisseri eru að jafnaði um 50 læknanemar á 6. ári heilsugæslustöðvum í 4 vikur í senn, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Klínísk kennsla í heilsugæsluhjúkrun fer fram á heilsugæslustöðvum undir stjórn kennara í hjúkrun, sem eru jafnframt í tengdum stöðum við HH. Á haustmisseri eru um 60-70 nemar á stöðvunum, 3 vikur hver.

Mikið ráðgjafastarf við heilsugæslustöðvar fer fram í gegnum síma og tölvupóst, með formlegum fundum og óformlegum samskiptum.

VÍSINDI, ÞRÓUN OG GÆÐI

Unnið var að því að móta markvissa rannsóknastefnu í heilsugæslunni. Þar var lögð megin áhersla á að bæta þekkingargrunn heilsugæslunnar með því að efla rannsóknir og þróunarverkefni í heilsugæslu og að starfsfólk HH taki í ríkari mæli sjálft þátt í vísindastarfi. Vísindanefnd HH og Háskóla Íslands tók svo formlega til starfa 1. nóvember. Henni er meðal annars ætlað að framfylgja ofan nefndri stefnu.



Vísindanefndin

Ljósmynd: Margrét Héðinsdóttir

Á árinu var unnið að fjölmörgum vísinda og þróunarverkefnum. Þar ber einna hæst rannsóknina „Barneign og heilsa“, sem er umfangsmikil langtíma ferilrannsókn á barneignarferlinu, með þátttöku kvenna um allt land.

Faghópur um Sögumál vann ötullega að frekari þróun sjúkraskrárkerfisins Sögu. Nefndin gerði rafræna skoðanakönnun meðal starfsfólks um kosti og galla kerfisins. Þær upplýsingar nýttust vel við frekari úrvinnslu og mótun leiðarljóss. Skýrsla um Sögumál er væntanleg snemma á árinu 2011.

Endurskoðuð handbók um heilsuvernd barna 0-5 ára var gefin út á rafrænu formi af Landlæknisembættinu í september 2009 í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Breytingar á handbókinni voru gerðar á árinu og ný rafræn útgáfa gefin út í október 2010. Sviðsstjóri Ung- og smábarnaverndar Þróunarstofu er einn af þremur ritstjórum handbókarinnar.

Í tengslum við Fyrirburamóttöku á vegum Þróunarstofu var gerð könnun á eftirfylgd lítilla fyrirbura sem fæddust fyrir 32 vikna meðgöngu og/eða undir 1500 gr. Þetta gæðaverkefni fékk styrk frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Nýtt rafrænt viðmót í ung- og smábarnavernd í SÖGU kerfið byggir á nýrri handbók Landlæknisembættisins um heilsuvernd barna. Starfsfólk Þróunarstofu tók virkan þátt í mótun nýju einingarinnar.

Nýjar vinnuleiðbeiningar um geðvernd og tengslamyndun í ung- og smábarnavernd byggja m.a. á hugmyndafræði Solihull nálgunar og Calgary fjölskylduhjúkrunar. Samið var kennsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk til þess að taka markvisst á þessu viðfangsefni. Leiðbeiningunum er ætlað að gera hjúkrunarfræðingum betur kleift að meta þjónustubörf fjölskyldna í heimavítjun eftir fæðingu barns til að hægt sé með markvissari hætti að bregðast við áhættuþáttum eða vanda á byrjunarstigi. Verkefnið var styrkt af Forvarnarsjóði. Vinnuleiðbeiningum var fylgt eftir með heimsóknnum á allar heilsugæslustöðvar innan HH.

Fræðsluefni til foreldra ungra barna er unnið af hjúkrunarfræðingum Ung- og smábarnaverndar Þróunarstofu í samstarfi við Fræðslu- og útgáfuhóp ung- og smábarnaverndar (Fús hópurinn). Verið er að færa alla fræðslu yfir á rafrænt form fyrir vefinn.

Verið er að vinna nýtt samræmt fræðsluefni fyrir hjúkrunarfræðinga til notkunar í ung- og



smábarnavernd á landsvísu. Notast er við hugmyndafræði 6H heilsunnar sem hefur gefið góða raun í skólaheilsugæslunni undanfarin ár. Þetta er unnið af hjúkrunarfræðingum í Ung- og smábarnavernd og Heilsuvernd skólabarna Þróunarstofu í samstarfi við Fús hópin.

Replay, pneumókokkarannsókn

(bólusetningarannsókn) fór fram á fyrrum Miðstöð heilsuverndar barna (MHB) árið 2009. Hjúkrunarfræðingur MHB tók þátt sem „study nurse“. Fundir og ýmiskonar skráningarvinna fór fram á Þróunarstofu í byrjun árs 2010.

Nokkrum spurningalistum, m.a. frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO), var svarað á árinu í samstarfi við Lýðheilsustöð, Landlæknisembættið og Háskóla Íslands. Spurningalistarnir voru um vaxtarkúrfur, heilsufarsskráningu, brjóstgjöf og næringu barna.

Unnar voru kjarnaspurningar fyrir viðtal við nemendur í 9. bekk um lífsstíl þeirra og líðan. Spurningarnar voru settar í Ískrá. Metin var reynsla af viðtölum um lífsstíl og líðan nemenda í 1., 4. og 7. bekk.

Líkaminn minn er forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Verkefnið felur í sér að hanna og þróa kennsluefni fyrir skólahjúkrunarfræðinga, auk þess að innleiða efnið með 4 klst. námskeiðum fyrir hjúkrunarfræðingana. Verkefnið er á landsvísu og áætlað að því ljúki haustið 2011.

Markmið verkefnisins „Ofþyngd og offita“ er að þróa íhlutun vegna ofþyngdar/offitu barna og verðandi mæðra. Unnið var að því að útbúa leiðbeiningar og gögn til notkunar við íhlutun auk þess að innleiða efnið með fræðslu til fagfólks og eftirfylgd. Verkefnið er styrkt af Forvarnarsjóði og áætlað er að því ljúki í árslok 2011.

www.6h.is, markmið verkefnis er að vinna að markaðssetningu 6h vefsins auk þess að vinna frekar að þróun hans. Verkefnið var styrkt af Forvarnarsjóði.

Verið er að endurskoða fræðsluefni í kynfræðslu á vegum skólahjúkrunarfræðinga auk þess að þróa nýtt efni fyrir nemendur í 10. bekk. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2011.

Að frumkvæði Heilbrigðisráðuneytisins var óskað eftir því að HH tæki þátt í að efla heilsuvernd meðal fólks á framhaldsskólaaldri. Ákveðið var að hefja undirbúningstörf að þessu verkefni og vinnuhópur skipaður til að koma með tillögum að úrræðum fyrir næstu fjárlagaáætlun ráðuneytisins árið 2011.

Í tengslum við Fræðadaga sá Deild rafrænnar þjónustu um að gera skráningarform fyrir rafræna skráningu á vef HH. Þetta tókst vel og hugmyndin sú að þróa þessi mál nánar fyrir skráningu á önnur námskeið í símenntun starfsfólks svo og námskeið fyrir almenning á vegum HH.

Þróunarstofa vinnur að tannvernd barna í faglegu samstarfi við Velferðarráðuneyti, Tannlæknafélag Íslands, Sjúkratryggingar Íslands, Landlæknisembættið, Umboðsmann barna, Velferðarvaktina og aðra þá sem málið varðar.



Þróunarstofa hefur haft það hlutverk að kynna foreldum/forráðamönnum þann rétt sem þriggja, sex og tólf ára börn eiga til gjaldfrjálsrar forvarnarskoðunar hjá tannlæknum sem aðilar eru að forvarnarsamningi.

Styrkþegar úr Forvarnarsjóði ásamt forstöðumanni Þróunarstofu

Ljósmynd: Þóra Steingrímsdóttir

Aukin áhersla er á tannvernd í ung- og smábarnavernd þar sem fræðslu um tannvernd er miðlað í 5, 6, 8, 10, 12 og 18 mánaða skoðun, 2½ árs og 4 ára skoðun. Öllum 6, 12 og 15 ára grunnskólabörnum á að standa til boða flúorskolun á vegum heilsugæslunnar.

Klínísk þarfagreining er í vinnslu á leikskólum í Efra-Breiðholti og ljóst að börn af t.d. pólskum og rússneskum uppruna glíma mörg við alvarlegan tannheilsuvanda.


Starfsfólk Efra Breiðholts vann að tilraunaverkefni um við að efla forvarnir og aðra heilsuvernd meðal aldraðra. Niðurstöður sýna að hægt er að efla forvarnir á þessu sviði.

Unnin var greinargerð um lyfjaávisanir lækna HH. Þar kom meðal annars fram að verðmæti ávísaðra lyfja árið 2009 var 3,9 milljarðar árið 2009 sem var svipuð upphæð og árið 2008, þrátt fyrir verulegar verðhækkanir milli ára. Er það einkum vegna tilfærslu milli lyfja í ákveðnum lyfjaflokkum. Greinargerðin er kynnt á vef HH. Almenn lyfjafræðileg þjónusta við heilsugæslustöðvarnar var með sviðuðu sniði og áður. Gæðahandbækur voru gefnar út fyrir allar heilsugæslustöðvar innan HH.

ÁRSVERK 2010

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	3,75
Tannlæknar	0,40
Ljósmæður	2,12
Lyfjafræðingar	1,00
Læknar	2,77
Ritarar	1,93
Ársverk alls	11,98

MANNAUÐUR 2010



UM STÖÐINA

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Heimilisfang: Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Yfirmaður/sviðsstjóri: Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur

Þroska- og hegðunarstöð (PHS) varð formlega til sem sérstök starfseining innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við skipulagsbreytingar sem tóku gildi 1. apríl 2009 þegar Miðstöð heilsuverndar barna (MHB) var lögð niður. PHS tók við hluta starfsemi fyrrum MHB og sinnir sérhæfðri 2. stigs þjónustu. Markmið starfseminnar er að efla lífsgæði og framtíðarhorfur barna, draga úr hamlandi áhrifum hvers kyns frávika í þroska og hegðun og vinna gegn þróun alvarlegri vanda.

Starfið, sem einkennist af þverfaglegri teymisvinnu, byggir á viðurkenndum klínískum leiðbeiningum og gagnreyndri þekkingu. Á PHS er börnum, foreldrum og fagfólki veitt fjölbreytt þjónusta vegna ýmiss vanda barna á aldrinum 0–12 ára. Innan starfshópsins er fagfólk með mismunandi fagmenntun og viðtæka reynslu og sérþekkingu á þroska- og hegðunarbörnum.

Helstu þættir þjónustu:

- Frumgreining þroska- og hegðunarfrávika barna að grunnskólaaldri
- Nánari greining vegna sterkra vísbendinga um ADHD og skyldar raskanir hjá 4-12 ára börnum
- Ráðgjöf og meðferð í kjölfar greiningar
- Gerð og dreifing fræðsluefnis fyrir foreldra og fagfólk
- Sérhæfð námskeið/færniþjálfun fyrir fagfólk, foreldra og börn
- Eftirfylgd í þjónustuúrræði
- Starfsþjálfun og handleiðsla háskólanema

AF STARFSEMINNI 2010

Á árinu varð framhald á þeirri stöðu að mun fleiri tilvísanir bárust en hægt var að komast yfir að sinna. Þróun í þessa átt hefur verið viðvarandi síðustu árin. Eftir að umfang starfseminnar var aukið árið 2006 með tilkomu þjónustu vegna ADHD og skyldra raskana hjá leik- og grunnskólabörnum leiddi það eðlilega til fjölgunar tilvísana. Þessu fylgdi óhjákvæmilega aukið álag og lenging biðtíma eftir þjónustu. Árin 2007 og 2008 bárust rúmlega 290 tilvísanir hvort árið sem var um 40% aukning frá árinu 2006. Til að mæta útvíkkun þjónustu og aukinni aðsókn fékkst nokkur viðbót í mannafla sem varð til þess að seinni hluta árs 2008 hafði náðst töluverður árangur í að stytta biðlista. Árið 2009 tók fjöldi tilvísana aftur kipp og fjölgun varð um 30% og viðhélst sá fjöldi árið 2010 með ríflega 370 tilvísunum. Þetta hefur því miður skilað sér í óhóflegri fjölgun á biðlista og lengt bið eftir þjónustu langt umfram það sem áætlanlegt er. Við árslok 2010 taldi biðlistinn 160 börn.

Til að auka skilvirkni og samræmingu þjónustustiga var á árinu 2010 skipulagt og byrjað að vinna eftir nýju verklagi við skimun, frumgreiningu, nánari greiningu og meðferð barna með ADHD.

Þetta verklag er unnið með hliðsjón af nýjustu klínísku leiðbeiningum NICE stofnunarinnar í Bretlandi og miðar að því að íhlutun hefjist strax eftir frumgreiningu fremur en að beðið sé þar til nánari greining hefur farið fram. Undirbúningsvinna var unnin í samstarfi við fagfólk á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Nánari lýsing finnst á síðum ÞHS á vef HH.

Mikil aukning varð í eftirspurn og aðsókn að þeim færnipjálfunarnámskeiðum fyrir foreldra og börn sem stöðin stendur fyrir. Þessu var mætt með því að fjölga námskeiðum til samræmis við þörfina og komu leiðbeinendur bæði úr hópi starfsmanna og utanaðkomandi fagaðila. Námskeiðin eru haldin utan hefðbundins vinnutíma og eru að hluta til kostuð af þátt-takendagjöldum og að hluta til með utanaðkomandi styrkveitingum, aðallega frá Forvarnasjóði.

Þrír nýir styrkir, samtals að upphæð kr. 1.300.000, fengust frá Forvarnasjóði til að vinna að eftirfarandi verkefnum: 1) Endurgerð og aðlögun námskeiðs fyrir foreldra um uppleði barna með ADHD þannig að það henti einnig yngri börnum sem hafa einkenni ADHD en ekki staðfesta greiningu. Þetta samræmist því nýja verklagi sem áður var nefnt og var unnið í samstarfi við sálfræðing og iðjuþjálfra heilsugæslu og skólaþjónustu Akraness. 2) Endurskoðun og uppfærsla grunnnámskeiðsins Uppeldi sem virkar og 3) Gerð fræðsluefnis í floknum Hagnýt Ráð fyrir kennara. Þetta efni er aðgengilegt á vef stöðvarinnar.

Í samvinnu við BUGL og Heilsugæsluna Efra Breiðholti voru haldin tvö námskeið fyrir lækna um ADHD, lyfjameðferð og eftirfylgd. Námskeiðin voru sótt af 26 læknum starfandi innan heilsugæslunnar á landsvísu en árið 2008 höfðu 4 slík námskeið verið haldin sem 75 læknar tóku þátt í. Leiðbeinendur voru sálfræðingar, barnalæknir, barnageðlæknir og heimilislæknir.

Haldin voru þrjú Leiðbeinendanámskeið fyrir verðandi leiðbeinendur á Uppeldi sem virkar, annars vegar vegna foreldranámskeiða og hins vegar vegna leikskólanámskeiða. Námskeiðin sóttu 24 fagaðilar.

Vegna styrkveitingar frá Forvarnasjóði 2009 skapaðist möguleiki á að útbúa og halda sérstök Leiðbeinendanámskeið fyrir verðandi leiðbeinendur á Snillinganámskeiðum fyrir börn. Fimm námskeið voru haldin með 67 þátttakendum. Þetta hefur orðið til þess að nú stendur þetta úrræði börnum með ADHD til boða víðs vegar um landið og hefur þannig aukið verulega þjónustuframboð fyrir þessi börn. Handleiðslu fyrir alla Snillingaleiðbeinendur er sinnt af ÞHS.

Fagfólk ÞHS tók virkan þátt í Fræðadögun heilsugæslunnar og voru þar með samtals sjö erindi. Að auki átti stöðin fulltrúa í undirbúningsnefnd og hópi fundarstjóra.

Ljósmynd: Thorsten Henn



Fagfólk ÞHS sinnti sem áður stundakennslu við Sálfræði- og læknadeild Háskóla Íslands (HÍ) og hafði með höndum starfsþjálfun sálfræðinema í framhaldsnámi. Tveir sálfræðinemar unnu Cand.Psych. lokaverkefni á ÞHS undir handleiðslu sálfræðinga og einn sálfræðinemi tók þjálfunareiningu sem aðstoðarleiðbeinandi í Snillinganámskeiði. Einn hjúkrunarfræðinemi vann lokaverkefni undir handleiðslu sálfræðings stöðvarinnar og barnalækir var leiðbeinandi með nemaverkefni læknanema.

Á árinu var sem fyrr mikið og reglulegt samstarf við fagfólk ýmissa þjónustustofnana á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Hér má nefna heilsugæslustöðvar, grunn- og leikskóla, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur, sérfræðiskrifstofur skóla, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barna- og unglingageðdeild LSH (BUGL). Við þá síðastnefndu eru fastir, mánaðarlegir samráð- og handleiðslufundir. Sömuleiðis hefur ÞHS verið samstarfsaðili um rannsóknir við BUGL, Mentis Cura og HÍ.

STARFSEMIN Í TÖLUM 2010


Þessar tölur eru ekki úr Sjúkraskrárkerfinu SÖGU

Nýjar tilvísanir til Þroska- og hegðunarstöðvar	372
Frá höfuðborgarsvæði	299
